

## AUGLÝSING um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi breytingar á umferð á hafnarsvæðum:

**Örfirisey:**

1. Biðskylda verði á umferð inn á Fiskislóð, þ.e. nánar tiltekið safngata milli hringtorgs við Ánanaust og Hólmaslóðar, frá öllum hliðargötum.
2. Biðskylda verði á umferð inn á Fiskislóð 23 til 43 frá hliðargötu.
3. Biðskylda verði á umferð inn á Járnbraut – Eyjaslóð frá Norðurslóð.
4. Stöðubann verði beggja vegna Fiskislóðar 3 til 17 og Fiskislóðar 23 til 43 og á hliðargötu frá Fiskislóð 23 til 43 við kant meðfram lóðum nr. 43, 41 og 39.
5. Hámarkshraði verði 30 km/klst. á hluta Grandagarðs milli nr. 13 og nr. 101 og á Grunnslóð.

**Klettasvæði:**

1. Biðskylda verði á umferð inn á Klettagarða frá öllum hliðargötum.
2. Biðskylda verði á umferð inn á Skarfagarða frá öllum hliðargötum.
3. Biðskylda verði á umferð inn á Korngarða frá öllum hliðargötum.
4. Hámarkshraði verði 30 km/klst. á hluta Korngarða, austan aðkomugötu að Korngörðum nr. 4.
5. Hámarkshraði verði 30 km/klst. á hluta Skarfagarða, austan syðri aðkomu að Skarfagörðum nr. 1 og á Skarfabakka.

**Kleppsvík:**

1. Biðskylda verði á umferð inn á Kjalarvog frá öllum hliðargötum.
2. Biðskylda verði á umferð inn á Brúarvog frá Barkarvogi.
3. Biðskylda verði á umferð inn á Sægarða frá Kleppsgörðum.
4. Stöðubann verði við hægri kant í Kjalarvogi þegar ekið er að höfninni. Bannið gildir frá beygju á móts við Kjalarvog nr. 17 að hafnarbakka.
5. Hámarkshraði verði 30 km/klst. á innri hluta Kjalarvogs, frá innkeyrslu að Kjalarvogi nr. 7 til 15 og á aðliggjandi hafnarbakka.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 22. febrúar 2009.*

**Stefán Eiríksson.**